

## Svar

iðnaðar- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur um starfsemi Stjórnstöðvar ferðamála.

1. *Hversu oft hefur stjórn Stjórnstöðvar ferðamála fundað frá stofnun?*

Stjórn Stjórnstöðvar ferðamála hefur fundað alls þrisvar sinnum frá stofnun, 3. og 23. nóvember 2015 og 2. mars 2016.

2. *Eru fundargerðir frá stjórnarfundum Stjórnstöðvar ferðamála aðgengilegar og þá hvar?*

Fundargerðir frá stjórnarfundum hafa ekki verið birtar opinberlega en upplýsingar um og fréttir af stöðu verkefna Stjórnstöðvar ferðamála eru á vefnum [www.stjornstodin.is](http://www.stjornstodin.is).

3. *Hefur stjórn Stjórnstöðvar ferðamála fundað með hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu, fulltrúum stjórnsýslunnar eða sveitarfélaganna eða öðrum sem tengjast ferðaþjónustunni?*

Stjórn Stjórnstöðvar ferðamála hefur ekki fundað með hagsmunaaðilum en starfsmenn Stjórnstöðvar ferðamála hafa átt fundi með eftirfarandi 79 hagsmunaaðilum, fulltrúum stjórnsýslunnar, sveitarfélögum og öðrum frá stofnun:

Arctic Adventures	Háskóli Íslands
Aton	Háskólinn á Bifröst
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Höfuðborgarstofa
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Icelandair
Austurbrú	Innanríkisráðuneytið
Bergripi	Ísavia
Bæjarstjóri Bolungarvíkur	Íslandsstofa
Bæjarstjóri Ísafjarðar	Katla Geopark
Bæjarstjóri Súðavíkur	Keilir háskólabrú
Capacent	KPMG
Daniel Bryström Design	Kynning á Vegvísi Akureyri
Datamarket	Kynning á Vegvísi Blönduósi
Efla	Kynning á Vegvísi Borgarnesi
Ferðamálaráð	Kynning á Vegvísi Egilsstöðum
Ferðamálasamtök Íslands	Kynning á Vegvísi Grundarfirði
Ferðamálasamtök Vestfjarða	Kynning á Vegvísi Húsavík
Ferðamálastofa	Kynning á Vegvísi Hvolsvelli
Félag leiðsögumanna	Kynning á Vegvísi Höfn í Hornafirði
Fjármálaráðuneytið	Kynning á Vegvísi Ísafirði
Fjórðungssamband Vestfjarða	Kynning á Vegvísi Reykjanesbæ
Forsætisráðuneytið	Kynning á Vegvísi Reyðarfirði
Hagfræðistofnun	Kynning á Vegvísi Reykjavík
Hagstofan	Kynning á Vegvísi Selfossi
Háskólasetur og fræðslumiðstöð Vestfjarða	Landsbjörg

Landshlutasamtök SSA	Samtök ferðaþjónustunnar
Landsnet	Saga Travel
Landvernd	Samgöngustofa
LC Ráðgjöf	Samtök íslenskra sveitarfélaga
Lögreglustjórinn á Suðurlandi	Sendiherra Þýskalands
Markaðsstofa Vestfjarða	Sigló Hótel
Markaðsstofa Vesturlands	Skrifstofa ferðamála atvinnuvega-
Markaðsstofa Suðurlands	og nýsköpunarráðuneytis
Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar	Stígavinir
Nefnd Seltjarnarnesbæjar um stefnumótun í ferðaþjónustu	Stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamanna
Nýsköpunarmiðstöð	Sveitarfélag Fljótsdalshéraðs
Rannsóknarmiðstöð ferðamála	Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Reykjanes Geopark	Umhverfisráðuneytið
RRF	Umhverfisstofnun
RSG (Vermont USA)	Vatnajökulsþjóðgarður
	Vegagerðin
	VSÓ

Starfsmenn Stjórnstöðvar ferðamála hafa fundað oftast en einu sinni með mörgum af ofangreindum aðilum og hafa auk þess verið á öðrum fundum sem gestir en þeir fundir eru ekki meðtaldir hér.

4. *Hvað líður gerð verkefnaáætlunar Stjórnstöðvar ferðamála fyrir árin 2016–2017 sem lýst hefur verið yfir að verði gerð og er hún einhvers staðar aðgengileg ásamt aðgerðaáætlun til að hrinda markmiðum hennar í framkvæmd?*

Upplýsingar um stöðu verkefna Stjórnstöðvar ferðamála, þ.m.t. um stöðu verkefnaáætlunar 2016–2017, eru aðgengilegar á vefnum [www.stjornstodin.is](http://www.stjornstodin.is).

5. *Hver eru helstu viðmið um sjálfbærni sem lýst hefur verið yfir að verði eitt meginmarkmiða stefnumótunar fyrir íslenska ferðaþjónustu og hvernig eru þau útfærð í áætlunum Stjórnstöðvar ferðamála?*

Hugtakið sjálfbærni eins og það er sett fram í *Vegvísi í ferðaþjónustu* vísar til almennrar skilgreiningar samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem kom út árið 1987, svokallaðri Brundtland-skýrslu, eða til mannlegrar starfsemi sem fullnægir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum framtíðarkynslóða til að fullnægja sínum þörfum. Nánar tiltekið er með sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu vísað til þróunar þar sem litlið er til lengri tíma og reynt að ná jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta svo að ekki verði gengið á þær auðlindir sem atvinnugreinin byggist á.

Í markmiðum *Vegvísis í ferðaþjónustu* eru hvorki sett fram töluleg gildi né listuð nánari viðmið um sjálfbærni vegna skorts á áreiðanlegum gögnum. Gagnaöflun er eitt forgangsmála á árunum 2016–2017 til þess að leggja megi traustan grunn fyrir ferðaþjónustuna til framtíðar. Með gagnaöfluninni munu fást þau grunnviðmið sem þarf til að setja fram mælanleg markmið í framhaldinu fyrir lengri tíma stefnumótun og fylgja þeim eftir. Þau almennu markmið sem eru sett fram í *Vegvísinum* um jákvæða upplifun ferðamanna, aukna arðsemi, aukna dreifingu ferðamanna og jákvæð viðhorf til greinarinnar stuðla þó öll að sjálfbærri þróun ferðaþjónustu á Íslandi samkvæmt þeim skilningi á hugtakinu sjálfbærni sem lýst er hér fyrir.